

## **Rannsókn á erfðabreytileika *Pan I* gensins og samanburður við munstur í mtDNA breytileika hjá þorski, *Gadus morhua***

Einar Árnason and Charlotte Levin, Líffræðistofnun háskólans. einararn@hi.is.

Markmið verkefnisins var að kanna munstur í erfðabreytileika hjá þorski, *Gadus morhua*, með *Dra I* skerðibútagreiningu á breytileika *Pan I* gensins og breytileika í röð ákveðins svæðis á hvatbera (mtDNA) litningi. Sýni af þorski teknum fyrir norðurlandi og fyrir suðausturlandi haustið 2004 voru tekin til greininga ásamt með fiski frá Færeyjum. Við berum saman munstur í breytileika kjarnagensins *Pan I* og mtDNA í tengslum við umhverfisþætti til að leiða rök fyrir mögulegum áhrifum vals.